

Ársfundur Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands. Haldinn 18. júní 2009 á Grand Hótel kl. 17:00.

## FUNDARGERÐ

Fundur settur kl. 17:00.

Viðar Lúðvíksson hrl., umsjónaraðili sjóðsins, býður fundarmenn velkomna og stingur upp á Eiríki Elís Þorlákssyni hrl. sem fundarstjóra sem er samþykkt. Stungið er upp á Ólafi Páli Gunnarssyni sem fundarritara og hreyfir enginn andmælum við því.

Fundarstjóri þakkar tilnefningu og kannar lögmæti fundarins. Engar athugasemdir eru gerðar við lögmæti fundarins og hann því lýstur lögmætur.

### 1. Skýrsla stjórnar og skipaðs umsjónaraðila

#### 1.1. Skýrsla Björns Ragnarssonar stjórnarformanns

Björns Ragnarssonar fer yfir sögu sjóðsins sem verður 50 ára á þessu ári. Björn fer yfir atburði ársins 2008, m.a. bankahrunið og afleiðingar þess sem voru skelfilegar fyrir sjóðinn. Að hans mati mun taka langan tíma að lagfæra stöðu sjóðsins. Afleiðing bankahrunsins birtist í slæmri ávöxtun íslenskra lífeyrissjóða, en Landssamtök lífeyrissjóða áætla að meðalraunávöxtun íslenskra sjóða á árinu 2008 hafi verið – 21,5%. Búast megi við að staðan verði jafnvel enn verri þar sem eignir séu að einhverju leyti ofmetnar. Eignir hafi hins vegar ekki verið færðar niður að fullu í sjóðum til að koma í veg fyrir of miklar skerðingar.

Þá véc Björn að skipun umsjónaraðila fyrir sjóðinn. Ákvörðun hefði verið tekin af FME og fjármálaráðuneytinu þar sem sjóðurinn ásamt fjórum öðrum sjóðum í rekstri Landsbankans hefðu farið út fyrir fjárfestingarheimildir sínar. Fram hefði komið að mistök hefðu verið gerð hjá Landsbankanum og bankinn tekið á sig ábyrgð. Afleiðingar voru að 40 stjórnarmenn voru settir af. Margt benti til að stjórnvöld hefðu farið offari í máli þessu og brotið stjórnarsýslulög. Að sögn Björns hefur enginn stjórnarmaður í Lífeyrissjóði Tannlæknafélags Íslands verið yfirheyrður í máli þessu. Ljóst væri að ímynd sjóðsins hefði skaðast og mannorð einnig.

Fram kemur í máli Björns að enginn sjóðfélagi hefði mótmælt rekstrinum undanfarin 15 ár. Þá væri hann persónulega þeirrar skoðunar að sjóðurinn væri of lítill. Þannig hefði sjóðfélögum fækkað á umliðnum árum en sjóðurinn starfar á undanþágu frá fjármálaráðuneytinu vegna of lítills fjölda sjóðfélaga. Hvað flutning sjóðsins varðaði væri ljóst að rekstrarkostnaður myndi aukast ef flutt annað. Þeir kostir sem væru í stöðunni væri Almenni lífeyrissjóðurinn og Frjálsi lífeyrissjóðurinn. Almenni lífeyrissjóðurinn væri besti kosturinn enda ekki inni í bankakerfinu.

Það sem erfiðast væri varðandi samstarf eða sameiningu við aðra sjóði væri mat eigna. Óvissar eignir í öllum sjóðum, líka hjá Almenna lífeyrissjóðnum. Fram kemur hjá Birni að hann muni halda áfram að sinna sameiningarviðræðum við Almenna en hætta í stjórn um leið og niðurstaða lægi fyrir. Að lokum þakkar Björn Viðar Lúðvíkssyni umsjónaraðila sjóðsins fyrir gott samstarf.

### **1.2. Skýrsla skipaðs umsjónaraðila Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands**

Viðar Lúðvíksson hrl. gerir grein fyrir stöðu sinni og skipan. Haft hafi verið samband við hann frá FME í mars sl. Hann yrði skipaður umsjónaraðili yfir þremur sjóðum. Hann kveðst hvorki vera tengdur FME, fjármálaráðuneytinu né sérstökum saksóknara. Réttindi og skyldur umsjónaraðila byggja á erindisbréfi fjármálaráðherra frá 17. mars 2009. Fjallar um ástæður þess að umsjónaraðili hefði verið skipaður. Vísar til ákvörðunar um að vísa málum til sérstaks saksóknara.

Að öllum líkindum hafi FME þótt ástæða til að tryggja rannsóknarhagsmuni og koma í veg fyrir að rannsókn yrði spillt. Tryggja hefði þurft að möguleg áframhaldandi brotastarfsemi yrði stöðvuð. Þá hefði verið nauðsynlegt að tryggja festu út á við. Það hefði verið gert með því að víkja stjórnendum frá tímabundið. Þeir hefðu haft stjórnunar- og eftirlitsábyrgð. Viðar vísar til skýrslu Björns Ragnarssonar. Fer yfir ástæður bágrar ávöxtunar, bankahrun, hrun íslensku krónunnar og setningu neyðarlaga. Brugðist hefði verið við með því að færa eignir yfir á varfærnar leiðir.

### **2. Kynning á ársreikningi 2008.**

Stefán Bergsson endurskoðandi hjá PWC fer yfir ársreikning 2008. Það er álit endurskoðenda að ársreikningar fyrir bæði séreignar- og sameignardeild gefi glögga mynd af afkomu sjóðsdeildanna á árinu 2008, efnahag þeirra 31. desember 2008 og breytingu á handbæru fé á árinu 2008, í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur.

Ábending í ársreikningi séreignardeildar sjóðsins er svohljóðandi:

*„Án þess að gera fyrirvara við álit okkar viljum við benda á skýringu nr. 5 og 8 með ársreikningnum og umfjöllun í skýrslu til stjórnar um starfsemi á árinu, þar sem greint er frá óvissu sem ríkir um mat eigna og atburði eftir lok reikningsskiladags.“*

Ábending í ársreikningi samtryggingardeildar sjóðsins er svohljóðandi:

*„Án þess að gera fyrirvara við álit okkar viljum við benda á skýringu nr. 5 og 8. með ársreikningnum og umfjöllun í skýrslu stjórnar um starfsemi á árinu, þar sem greint er frá óvissu sem ríkir um mat eigna og atburði eftir lok reikningsskiladags.“*

### **3. Fjárfestingarstefna sjóðsins.**

Halldór Kristinsson frá Landsbankanum fyrrverandi framkvæmdastjóri sjóðsins gerir grein fyrir sjálfum sér og fjallar um fjárfestingarstefnu 2009. Settur framkvæmdastjóri 12. mars 2009 en settur af 17. mars 2009. Heldur áfram sem sjóðstjóri. Halldór rekur helst breytingar á fjárfestingarstefnu frá 2008 til 2009. Vegna óvissu í umhverfinu er stefna sjóðsins varfærin.

Helstu breytingar á fjárfestingarstefnu:

- Innlán nýr eignaflokkur.
- Aukið vægi ríkisskuldabréfa.
- Mun minna vægi hlutabréfa.
- Minna vægi annarra skuldabréfa en ríkisins.

Halldór fer yfir þróun fjármálamarkaða á árinu 2008. Þá fjallar hann um sjóðastýringu sjóðsins en undanfarinn áratug hefðu sjóðstjórar notað verðbréfasjóði við eignastýringu sjóðsins. Þannig hefði ákvörðun um kaup/sölu verðbréfa verið úthýst til sérfræðinga innan Landsvaka. Þetta hefði reynst vel fram að bankahruninu 2008. Vegna mikilla innlausna og sölutregðu undirliggjandi eigna hefði

samsetning breyst á stuttum tíma og samsetning sjóða ekki verið í takt við væntingar sjóðstjóra lífeyrissjóðsins. Þá fer Halldór yfir hlutfall einstakra eignaflokka 2008, ávöxtun ársins 2008. Fram kemur að Fyrirtækjabréf og Peningabréf ISK, Peningabréf USD og Peningabréf EUR hafi átt mestan þátt í lækkun eigna sjóðsins. Þá lýsir Halldór eignasamsetningu Fyrirtækjabréfa og Peningabréfa og gerir samanburð á ávöxtun annarra lífeyrissjóða innlendra og erlendra. Að lokum vísar Halldór að stöðunni í dag og framtíðarhorfum.

#### Eignasamsetning sjóðsins:

##### Séreign:

Innlend skuldabréf 52,6% innlán 33,0%, framsæknar fjárfestingar 9,5%, hlutabréf 4,9%, og erlend skuldabréf 0,0%.

##### Sameign:

Innlend skuldabréf 47,3%, innlán 40,8%, framsæknar fjárfestingar 6,9%, hlutabréf 5,0%, og erlend skuldabréf 0,0%.

#### 4. Tryggingafræðileg úttekt.

Bjarni Guðmundsson tryggingastærðfræðingur gerir grein fyrir niðurstöðu á tryggingafræðilegri athugun. Hvað er tryggingafræðileg athugun? – Eignir sjóðsins bornar saman við skuldbindingar til greiðslu lífeyris. Ef eignir ekki nægja verður að skerða réttindi. Útreikningar miðast við núverandi sjóðfélaga. Mikilvægar forsendur: Vextir 3,5, lífslíkur íslensk reynsla 2001 til 2005, örorkulíkur, hjúskapur og barneignir.

	Áfallnar	Framtíðar	Heildar
<b>Eignir</b>			
Hrein eign	290,5		290,5
Núvirðing	22,5		22,5
Fjárf.kostnaður	0,0		0,0
Iðgjöld		528,1	528,1
Samtals	313,0	528,1	841,1
<b>Skuldbindingar</b>			
Ellilífeyrir	221,8	292,4	514,2
Örorkulífeyrir	83,2	134,7	217,9
Makalífeyrir	26,9	38,4	65,3
Barnalífeyrir	0,0	5,1	5,1
Kostnaður	9,9	29,8	39,7
Samtals	341,8	500,4	842,2
<b>Eignir- skuldbindingar</b>	-28,8	27,7	-1,1
Hlutfall	-8,4%	5,5%	-0,1%

Fram kemur í máli Bjarna að ekki þyrfti að gera breytingar á samþykktum sjóðsins eða skerða lífeyrisgreiðslur úr sjóðnum.

Eftir yfirferð yfir tryggingafræðilega athugun sjóðsins gefur fundarstjóri orðið laust.

Gunnar Þormar ber upp spurningu til endurskoðenda og spyr hvort mögulegt sé að sundurliða kostnað við rekstur sjóðanna.

Stefán Bergsson vísar til skýringar 6 í ársreikningi þar sem fram kemur að skrifstofu- og stjórnunarkostnaður hafi verið kr. 4.614.914 á árinu 2008. Inni í þessum kostnaði væru gjöld vegna FME, kostnaður vegna tryggingarstærðfræðings, reiknaður umsýslukostnaður og launatengd gjöld.

Gunnar Þormar spyr um merkingu umsýslukostnaðar.

Stefán: Kostnaður við að standa straum af innheimtu, bókhaldi ofl.

Erling Ingvason: Vísar til ábendingar endurskoðenda, hvað er það stór hluti af eignum?

Stefán Bergsson: Ýmsir hlutir að gerast í þjóðfélaginu sem valda óvissu. Litlar upplýsingar. Hlutir geta komið í ljós sem eigi eftir að hafa neikvæð áhrif. Ábyrg afstaða tekin til eigna sjóðsins. Sjóðurinn verður vonandi ekki fyrir stórum skakkaföllum.

Spurt úr sal: Hvenær voru eignir metnar?

Stefán Bergsson: Vísar til skýringar 7.

Gunnar Þormar: Er ekki djarft spilað með Marel ofl.

Stefán Bergsson: Mikil óvissa um félög eins og Bakkavör, Haga, Exista ofl. Menn voru samt farnir að færa sig yfir í öruggari eignir.

Erling spyr tryggingarfræðing: Hvernig getur 23% í mínus verið góð niðurstaða.

Bjarni: Niðurstaðan er góð miðað við aðra lífeyrissjóði. Staðan var góð í fyrra. Gott að því leyti að ekki þarf að skerða.

Gunnar Þormar stígur í pontu:

Í máli Gunnars kemur fram að fram hafi farið tvær rannsóknir á málefnum sjóðsins. Ein opinber og önnur á vegum einstaklinga innan. Óeðlilega mikið tap hafi verið á fjárfestingum sjóðsins. Útbreidd skoðun að það væri mikið tap. Tannlæknafélagið hugðist rannsaka stöðu mála. Illa gekk að fá upplýsingar frá stjórn sjóðsins. Rákust á vegg þegar óskað var eftir hreyfingarlistum. Mikil bankaleynd í gangi. Bankaleynd væri hins vegar fyrirsláttur. Birni Ragnarssyni skrifað og óskað upplýsinga. Svar Davíðs Harðarsonar að um mikið magn upplýsinga væri að ræða og hugsanlega ekki heimilt að afhenda. Í kjölfarið hefðu menn farið á fund FME sem lýsti því að ekkert væri því til fyrirstöðu að fá slíkan lista. Ganga ætti eftir því. Þá var einnig farið á fund í fjármálaráðuneytinu. Eftir aðkomu umsjónaraðila var leitað til hans. Hans svar var að ekki væri hægt að nálgast gögn sem væru geymd í tölvukerfum.

Viðar Lúðvíksson: Sammála að bankaleynd eigi ekki hér við. Ekki var hægt að veita upplýsingar á því formi sem óskað var eftir. Unnir hreyfingarlistar sendir þess í stað.

## 5. Kosning stjórnarmanna.

Gísli Vilhjálmsson stígur í pontu: Býður sig fram til stjórnar. Sjóðurinn orðið fyrir áfalli. Áhyggjur af framtíð. Vill taka þátt í að móta framtíð sjóðsins. Tortryggni í garð núverandi stjórnar. Sannfærður um að hún hefði ekki getað gert betur í þeim hremmingum sem yfir hafa gengið. Segist skilja fyrirbyggjandi tillögu um vantraust á stjórn. Styður hana hins vegar ekki. Mun ekki taka sæti í nýrri stjórn ef vantraust samþykkt.

Sjóðfélagi úr sal: Yfirbygging fullmikil. Telur tilvalið að einfalda rekstur sjóðsins. Nóg að hafa einn eða tvo tannlækna sem tengiliði og sameinast öðrum sjóði eins og lífeyrissjóður.

Tveir í kjöri. Tveir hafa boðið sig fram. Sigurgísli og Gísli.

Gunnar Þormar biður um að gert verði hlé á fundinum.

Fundarstjóri verður ekki við beiðni Gunnars.

Gunnar Þormar: Björn Ragnarsson hyggst ganga úr stjórn á miðju tímabili. Ekki gert ráð fyrir því í samþykktum.

Björn Ragnarsson: Er ekki í framboði. Það að hann muni hætta breyti engu. Nýr maður verði kosinn þegar þar að kemur. Ekki stór hætta á ferðum þótt einn hætti. Væntanlega verði fundur í haust og þá megi kjósa nýjan mann.

Erling Ingvason: Skrýtið að tillaga um vantraust sé sett aftast. Lítil endurnýjun í stjórn.

Fundarstjóri: Tillagan fellur ekki undir þennan lið.

Gísli og Sigurgísli rétt kjörnir í stjórn sjóðsins.

## 6. Laun stjórnarmanna.

Lagt til að stjórnarlaun verði óbreytt. Samþykkt.

Gunnar Þormar: Stjórnarmenn hjá Lífeyrissjóðnum Kili án launa á meðan umsjónaraðili starfar.

## 7. Kjör endurskoðanda.

Lagt til að Stefán Bergsson og Ólafur Gestsson verði endurkjörnir. Samþykkt samhljóma.

## 8. Tillögur til breytinga á samþykktum sjóðsins.

### Tillaga 1 (Tillaga Sigurgísla Ingimarssonar)

Tillagan er svohljóðandi:

„Grein 4.1

*Stjórn sjóðsins skal skipuð 5 mönnum sem kosnir eru á aðalfundi sjóðsins og sitja til þriggja ára í senn. Stjórnarmönnum er óheimilt að sitja í stjórnnum verðbréfa- og/eða fjármálafyrirtækja.*

#### Grein 4.2

*Stjórn sjóðsins skal kjósa sér formann og varaformann og skipta með sér verkum að öðru leyti. Formaður boðar til stjórnarfundar og skal fund halda ef einhver stjórnarmanna krefst þess. Um það sem gerist á stjórnarfundum skal haldin gerðarbók sem undirrituð af þeim er fundinn sitja."*

Sigurgísli gerir grein fyrir tillögu sinni.

Teitur Jónsson: Styður tillöguna. Þar sem einn stjórnarmaður er í stjórn fjármálafyrirtækis fá hann aðlögunartíma. Við gr. 4.1. komi: frá 1. janúar 2010.

Sigurgísli Ingimarsson: Tekur tíma að ganga frá samþykktum sem felur í sér aðlögunartíma fyrir viðkomandi. Fellst ekki á breytingartillögu Teits.

Teitur fellur frá breytingartillögu sinni.

Tillagan borin undir atkvæði.

Já sögðu 60,03%

Nei 33,37%

Auðir 6,60%

Tillaga 1 er felld.

#### **Tillögur 2, 3 og 4 (Tillögur Gunnars Þormar)**

Tillögurnar eru svohljóðandi:

##### **Tillaga 2:**

Grein 4.9 Þar stendur: Stjórn sjóðsins hefur gert rekstrarsamning...  
en í stað komi .. Stjórn sjóðsins er heimilt að gera...

##### **Tillaga 3:**

Grein 5.3.8 Fellur niður.  
Rökstuðningur: Ályktunartillögur eru gjarnan lagðar fram í tengslum við umræður á aðalfundi.

##### **Tillaga 4:**

Grein 5.3.6 Breytingar á samþykktum.  
20.1 grein. Síðasta setning fellur niður.  
Þar stendur: Breytingarnar þurfa einnig samþykki stjórnar Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands til að ná fram að ganga.  
Rökstuðningur: Gerir stjórn að æðsta valdi í sjóðnum í stað aðalfundar sem einn hefur þetta vald.

Gunnar Þormar gerir grein fyrir tillögum sínum.

Tillögurnar bornar undir atkvæði.

**Tillaga 2**

Já 95,20%

Nei 2,49%

Ógildur 2,30%

Tillaga 2 er samþykkt.**Tillaga 3**

Já 67,37%

Nei 28,23%

Auðir 4,40%

Tillaga 3 er samþykkt.**Tillaga 4**

Já 88,68%

Nei 6,92%

Auðir 4,40%

Tillaga 4 er samþykkt.**9. Önnur mál, löglega upp borin.**

Viðar Lúðvíksson tekur til máls og lýsir nánar aðkomu sinni að sjóðnum og stöðu. Með skipun fjármálaráðherra tók hann yfir réttindi og skyldur bæði stjórnar og framkvæmdastjóra. Skyldur hans eru fyrst og fremst gagnvart sjóðfélögum. Þá vísar Viðar að rannsókn Sérstaks saksóknara á málefnum lífeyrissjóðsins. Rannsóknin beinist að skýrslugjöf Landsbanka Íslands hf. fyrir hönd sjóðanna. Eðlilegt að spurt sé ástæður þess að skipaður hefði verið umsjónaraðili yfir sjóðnum í stað stjórnar og framkvæmdastjóra. Það hafi verið gert til að verja rannsóknarhagsmuni. Var t.d. sjóðnum óhætt innan NBI hf.? Var hugsanlega einhver í stöðu til að hylja slóð eða skaða hagsmuni? FME hefði þurft að tryggja festu og skapa traust út á við. Hvað stjórnarmenn í Lífeyrissjóði Tannlæknafélags Íslands varðaði væri ljóst að þeir bæru stjórnunar- og eftirlitsábyrgð en hann vissi ekki til þess að þeir væru grunaðir um beina aðild að hinum meintu brotum.

Viðar kveðst hafa átt gott samstarf við starfsfólk NBI hf., FME, fjármálaráðuneytið og sérstakan saksóknara. Sendi bréf til sjóðfélaga 17. mars 2009 til að upplýsa um stöðu mála.

Viðar taldi rétt að fá óháðan utanaðkomandi aðila til að fara yfir stöðu sjóðsins og fékk til verksins sérfræðinga frá endurskoðunarstofunni Ernst og Young.

Kostnaður af störfum skipaðs umsjónaraðila fellur á sjóðinn skv. lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Vinnuframlag fram til þessa hefði verið 71 klukkustund en kostnaður við hverja klst. væri 15.500 kr. Kostnaður til þessa væri því kr. 1.100.500 auk virðisaukaskatts. Einhver vinna sé eftir, þ.e. frágangur varðandi skil á sjóðnum og gerð skýrslu til ráðuneytisins. Gera megi ráð fyrir að heildarkostnaður verði um kr. 1.250.000 auk virðisaukaskatts.

Gunnar Pormar spyr um hvenær megi búast við niðurstöðum um rannsóknina.

Viðar kveðst engar upplýsingar hafa um rannsóknina.

#### **Tillaga 5 (Tillaga Erlings Ingvasonar)**

Erling Ingvason sem hefur lagt fram tillögu um vantraust á stjórn Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands kveður sér hljóðs.

Tillaga Erlings er svohljóðandi:

„Akureyri 4. júní 2009

Ég undirritaður, legg hér með fram tillögu um vantraust á stjórn Lífeyrissjóðs TFÍ og verði tillagan borin undir atkvæði á aðalfundi hans hinn 18. júní næstkomandi.

*Erling Ingvason kt. 050765-5049*”

Í máli Erlings kemur fram að ástæðu vantrauststillögunnar megi rekja til afleitrar afkomu sjóðsins, þess að stjórnin hefði tregðast við að veita sjóðfélögum upplýsingar og að stjórnin hefði reynt að fegra stöðu sjóðsins. Þá hefði verið varað við hagsmunaárekstur við Landsbankann og stjórnarmenn m.a. þegið boðsferðir á vegum Landsbankans. Þá ætti að fá óháðan aðila til að gera úttekt á sjóðnum.

Sigurgísli Ingimarsson kveður sér hljóðs og hvetur sjóðfélaga til að fella tillöguna. Telur sér ekki sætt í stjórn verði hún samþykkt. Hann hafi enga boðsferð þegið. Hins vegar væri ánægjulegt að sjá góða mætingu á fundinum sem væri nýbreytni. Nú væri kominn tími til að breyta og hætta að vega hvern annan. Mennt ættu að vinna að því að gera sjóðinn góðan. Þá gæti óháð rannsókn gæti orðið sjóðnum dýr.

Tillagan 5 borin undir atkvæði fundarins.

Auðir 3,95%

Já 8,66%

Nei 87,39%

Tillaga 5 er felld.

#### **Tillaga 6 (Tillaga Magnúsar R. Gíslasonar)**

Tillaga Magnúsar er svohljóðandi:

„Undirritaður leggur til að sjóðurinn verði sameinaður öðrum stærri sjóði, líkt og gert hefur verið við Lífeyrissjóð lækna með góðum árangri.”

Sigurgísli Ingimarsson kveður sér hljóðs og telur ekki rétt á þessum tímapunkti að binda hendur stjórnar í þessa veru. Ræður fundarmönnum frá því að samþykkja tillöguna.

Tillaga borin undir atkvæði.

Já 63,92%

Nei 33,35%

Ógildur 2,73%

Tillaga 6 er samþykkt.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 19:48.